

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/27

frá 3. nóvember 2006

um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti (*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 5369)

(2006/799/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópu-sambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegar viðmiðanir verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun sem settar eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/688/EB⁽²⁾ um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti og vaxtarefni.
- 2) Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er rétt að skipta vöruflokknum í tvo vöruflokka.
- 3) Í stað ákvörðunar 2001/688/EB skulu því koma tvær sérstakar ákvarðanir, önnur fyrir jarðvegsbæti og hin fyrir vaxtarefni.
- 4) Einnig er rétt að endurmeta viðmiðanirnar og kröfurnar að því er varðar jarðvegsbæti, sem falla úr gildi 28. ágúst 2007, á grundvelli endurskoðunarinnar til framfara í vísindum og markaðspröfun.
- 5) Endurskoðuðu, vistfræðilegu viðmiðanirnar og kröfurnar skulu gilda í fjögur ár.
- 6) Rétt er að gera ráð fyrir að aðlögunartímabil sé ekki meira en 18 mánuðir fyrir framleiðendur vara sem hlotið hafa umhverfismerkið fyrir 1. október 2006, eða sem hafa sótt um slíka viðurkenningu fyrir þá dagsetningu, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðu viðmiðunum og kröfunum.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „jarðvegsbæti“ falla efni sem er bætt í jarðveginn á staðnum, fyrst og fremst til að viðhalda eðliseiginleikum hans eða bæta þá, og sem geta bætt efnafræðilega og/eða líffræðilega eiginleika hans eða virkni.

2. gr.

Vara, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verður að falla undir vöruflokkinn „jarðvegsbæti“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr., og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins „jarðvegsbæti“ með hliðsjón af þeim sérstöku, vistfræðilegu viðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „003“ notað fyrir vöruflokkinn „jarðvegsbæti“.

5. gr.

Ákvörðun 2001/688/EB er felld úr gildi.

6. gr.

Heimilt er að nota umhverfismerki, sem veitt voru fyrir 1. október 2006 að því er varðar vörur sem falla undir vöruflokkinn „jarðvegsbæti“ og vaxtarefni“, til 30. apríl 2008.

Ef umsóknir um veitingu umhverfismerkis fyrir vörur, sem falla undir vöruflokkinn „jarðvegsbæti“ og vaxtarefni“, hafa verið lagðar fram fyrir 1. október 2006 er heimilt að veita þeim vörum umhverfismerkið samkvæmt þeim skilyrðum sem gilda til 28. ágúst 2007. Í þeim tilvikum er heimilt að nota umhverfismerkið til 30. apríl 2008.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2008 frá 1. febrúar 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 12.6.2008, p. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 17. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2005/384/EB (Stjtið. ESB L 127, 20.5.2005, bls. 20).

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Prófun og sýnataka skal, þar sem við á, fara fram í samræmi við prófunaraðferðir sem þróaðar hafa verið af tækninefnd Staðlasamtaka Evrópu (CEN 223, „Soil improvers and growing media“) þar til viðeigandi, láréttir staðlar, útfærðir samkvæmt leiðbeiningum starfshóps Staðlasamtaka Evrópu (CEN Task Force 151 „Horizontal“) liggja fyrir.

Sýnataka skal fara fram í samræmi við aðferðirnar í CEN/TC 223 (WG 3) sem Staðlasamtök Evrópu hafa sett fram og samþykkt í EN 12579 — Soil improvers and growing media — Sampling. Ef krafist er prófana eða sýnatöku, sem ekki falla undir þessar aðferðir og sýnatökutækni, skal þar til bæra stofnunin eða stofnanirnar, sem meta umsóknina, (hér á eftir nefndar „þar til bær stofnun“) tilgreina hvaða prófunar- og/eða sýnatökuaðferðir hún telur viðunandi.

Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir, þar sem við á, ef þar til bæra stofnunin fellst á að þær séu jafngildar hinum. Ef engar prófanir eru tilgreindar eða ef tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða vöktunar ber þar til bærum stofnunum að styðjast við yfirlýsingar og gögn, sem umsækjandi lætur í té, og/eða óháðar sannprófanir, eftir því sem við á.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt. (Ath.: Ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

- að stuðla að notkun endurnýjanlegra efna og/eða endurvinnslu lífræns efnis sem fellur til við söfnun og/eða vinnslu úrgangsefna og stuðla þannig að því að draga úr magni sorps í föstu formi við endanlega förgun (t.d. á urðunarstað),
- að draga úr umhverfisspjöllum eða umhverfisáhættu af völdum þungmálma og annarra hættulegra efnasambanda af völdum notkunar á vörunni.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að því að jarðvegsbætur, sem hefur litil umhverfisáhrif allan vistferil vörunnar, sé merktur.

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

1. Innihaldsefni

Eftirfarandi innihaldsefni eru leyfð:

1.1. Lífræn innihaldsefni

Aðeins kemur til greina að veita vöru umhverfismerki ef hún inniheldur ekki mó og rekja má lífrænt efnisinnihald hennar til efnisþátta sem koma frá vinnslu og/eða endurnotkun úrgangsefna (eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang⁽¹⁾) og í I. viðauka við fyrrnefnda tilskipun).

Umsækjandi skal láta þar til bærra stofnun í té upplýsingar um nákvæma samsetningu vörunnar og yfirlýsingu þess efnis að varan uppfylli framangreindar kröfur.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 47. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjótið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

1.2. Eðja

Vörur skulu ekki innihalda skólpeðju. Eðja (sem ekki er skólpeðja) er eingöngu leyfð ef hún uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

Eðja telst, samkvæmt Evrópsku úrgangsskránni (eins og skilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/118/EB frá 16. janúar 2001 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB að því er varðar skrána yfir úrgang⁽¹⁾), vera eitt af eftirfarandi úrgangsefnum:

020305	eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum við meðferð og vinnslu ávaxta, grænmetis, korns, matarolíu, kakós, kaffis og tes og við tóbaksvinnslu; niðursuðu, ger- og gerkjarnaframleiðslu og vinnslu og gerjun melassa,
020403	eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum við sykurvinnslu,
020502	eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum í mjólkuriðnaði,
020603	eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum í bökunar- og sælgætisiðnaði,
020705	eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum við framleiðslu áfengra og óáfengra drykkja (þó ekki kaffis, tes eða kakós).

Eðja er skilin að eftir upptökum sínum, sem merkir að hún hefur ekki blandast skólpi eða eðju frá neinu öðru framleiðsluferli.

Hámarksstyrkur þungmálma í úrganginum fyrir meðhöndlun (mg/kg, þurrvigt) skal uppfylla kröfur 2. viðmiðunar.

Eðja skal uppfylla allar aðrar viðmiðanir fyrir umhverfismerki, sem tilgreindar eru í þessum viðauka, og telst þá vera nægilega stöðuguð og hreinsuð.

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té upplýsingar um nákvæma samsetningu vörunnar og yfirlýsingu þess efnis að varan uppfylli framangreindar kröfur.

1.3. Jarðefni

Jarðefni skulu ekki unnin:

- á stöðum sem tilkynnt hefur verið að séu mikilvægir á vettvangi Bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra⁽²⁾,
- á stöðum sem tilheyra Evrópuneti verndarsvæða (Natura 2000), sem eru sérstök verndarsvæði samkvæmt tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla⁽³⁾, eða á þeim svæðum, sem falla undir tilskipun 92/43/EBE, eða á jafngildum svæðum utan Evrópubandalagsins, sem falla undir samsvarandi ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu fyrir þar til bæra stofnun þess efnis að varan uppfylli þessa kröfu og skal viðeigandi yfirvald gefa út yfirlýsinguna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 47, 16.2.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) 1882/2003.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 59, 25.4.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003. (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

2. Takmörkun hættulegra efna

Í fullunninni vöru skal innihald eftirfarandi frumefna vera minna en gildin hér á eftir sýna og miðast mæling við þurrvignt:

Frumefni	mg/kg (þurrvignt)
Zn	300
Cu	100
Ni	50
Cd	1
Pb	100
Hg	1
Cr	100
Mo (*)	2
Se (*)	1,5
As (*)	10
F (*)	200

(*) Gögn um tilvist þessara frumefna eru einungis nauðsynleg fyrir vörur sem innihalda efni úr iðnaðarferlum.

Ath.: Þessi viðmiðunarmörk gilda nema strangari ákvæði séu í löggjöf viðkomandi lands.

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.

3. Hlutkenndir mengunarvaldar

Í fullunninni vöru (sem hefur verið síuð með síu af möskvastærðinni 2 mm) skal innihald glers, málmis og plasts vera minna en 0,5% og miðast mæling við þurrvignt.

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.

4. Köfnunarefni

Styrkur köfnunarefnis í vörinni má ekki vera meira en 3% af heildarköfnunarefni (miðað við þyngd) og ólifrænt köfnunarefni má ekki vera meira en 20% af heildarköfnunarefni (þ.e. lifrænt köfnunarefni \geq 80%).

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.

5. Eiginleikar vöru

a) Vörur skulu afgreiddar í föstu formi og innihalda a.m.k. 25% af þurrefni miðað við þyngd og að minnsta kosti 20% af lifrænu efni miðað við þurrvignt (mælt sem glæðitap).

b) Vörurnar skulu ekki hafa skaðleg áhrif á spirun plantna eða vöxt þeirra síðar.

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar ásamt viðeigandi prófunarskýrslum og gögnum.

6. Heilbrigði og öryggi

Hámarks magn frumsjúkdómavalda í vörum skal ekki fara yfir það sem hér segir:

- *Salmonella*: greinist ekki í 25 g
- Ormaegg: greinast ekki í 1,5 g ⁽¹⁾
- *E. coli*: < 1 000 MPN/g (MPN: líklegasti fjöldi) ⁽²⁾

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og gögn þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

7. Lífvænleg fræ/æxlikorn

Í fullunninni vöru skal innihald illgresisfræs eða plöntuhluta ágengs illgresis, sem geta fjölgað sér kynlaust, ekki vera meira en tvær einingar á lítra.

Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar ásamt öllum viðeigandi prófunarskýrslum og/öðra gögnum.

8. Upplýsingar sem fylgja vörunni

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja vörunni (hvort sem varan er pökkuð eða ópökkuð), annaðhvort áritaðar á umbúðunum eða á meðfylgjandi upplýsingablöðum:

Almennar upplýsingar

- a) nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á setningu á markað,
- b) lýsing þar sem varan er tilgreind eftir tegund, þ.m.t. orðið „JARÐVEGSBÆTIR“,
- c) auðkenniskóði framleiðslulotu,
- d) magnið (gefið upp sem þyngd eða rúmmál),
- e) helstu innihaldsefni (þau sem eru yfir 5% miðað við rúmmál) sem varan er framleidd úr.

Ef við á skulu eftirfarandi upplýsingar um notkun vörunnar fylgja vörunni, annaðhvort áritaðar á umbúðunum eða á meðfylgjandi upplýsingablöðum:

- a) ráðlögð geymsluskilyrði og ráðlagður síðasti notkunardagur,
- b) leiðbeiningar um hvernig á að meðhöndla og nota vöruna á öruggan hátt,
- c) lýsing á tilætluðum notum vörunnar og hvers kyns takmörkunum á notkun,
- d) yfirlýsing þess efnis fyrir hvaða plöntuflokka varan hentar (t.d. kalkfælnum eða kalksæknum),
- e) sýrustig og hlutfall kolefnis og köfnunarefnis (C/N),
- f) yfirlýsing varðandi stöðugleika lífræna efnisins (stöðugt eða mjög stöðugt) samkvæmt innlendum staðli eða alþjóðlegum staðli,

⁽¹⁾ Fyrir þær vörur þar sem lífræn innihaldsefni eru eingöngu úr grænum úrgangi eða úrgangi úr gördum og skrudgördum.

⁽²⁾ Fyrir þær vörur þar sem lífræn innihaldsefni eru eingöngu úr grænum úrgangi eða úrgangi úr gördum og skrudgördum.

- g) yfirlýsing varðandi ráðlagðar notkunaraðferðir,
- h) notkun fyrir áhugamenn: ráðlögð notkun gefin upp í kílógrömmum eða lítrum af vörunni á einingu yfirborðsflatarmáls (m²) á ári.

Upplýsingum um vöruna má því aðeins sleppa að umsækjandinn styðji það fullnægjandi rökum.

Ath.: Þessar upplýsingar eru veittar nema kveðið sé á um annað í landslögum.

Nákvæmar upplýsingar:

Breyta	Prófunaraðferðir
Magn	EN 12580
Innihald lífræns efnis og aska	EN 13039
Heildarköfnunarefni	prEN 13654/1-2
Hlutfall kolefnis og köfnunarefnis (C/N)	C/N (*)
Sýrustig	EN 13037
Þungmálmar (Cd, Cr, Cu, Pb, Ni, Zn)	EN 13650
Kvikasilfur	ISO 16772
Raka-/þurrefnisinnihald	EN 13040
<i>Salmonella</i>	ISO 6579
Ormaegg	prXP X 33-017
<i>E.-coli</i>	ISO 11866-3
Stöðugleika-/þroskaprófun (lýsa skal þeim prófunum, sem eru notaðar, í niðurstöðunum)	ekki fyrir hendi

(*) Kolefni = lífrænt efni (EN 13039) × 0,58
ekki fyrir hendi = prófunaraðferð Staðlasamtaka Evrópu ekki fyrir hendi.

9. Upplýsingar sem koma fram á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- stuðlar að því að draga úr jarðvegs- og vatnsmengun,
- stuðlar að endurvinnslu efna,
- stuðlar að aukinni frjósemi jarðvegs.